

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2013.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2013 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu rekstrarársins 2013.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fugla-búa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og mats-verðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2013 er sem hér segir:

	kr.
Mjólk	80,00 pr. lítra
Egg	445,00 pr. kg
Kartöflur	79,00 pr. kg
Rófur	123,00 pr. kg
Lambakjöt	573,00 pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	358,00 pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	257,00 pr. kg
Ungnautakjöt	620,00 pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	404,00 pr. kg
Folaldakjöt	385,00 pr. kg
Annað kjöt af hrossum	158,00 pr. kg
Grísakjöt	455,00 pr. kg
Annað svínakjöt	321,00 pr. kg
Kalkúnar, endur og gæsir	640,00 pr. kg
Annað fuglakjöt	443,00 pr. kg
Fiskur	500,00 pr. kg

Reykjavík, 20. desember 2012.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2012